**Fimleikafélag Hafnarfjarðar**
Kaplakriki • 220 Hafnarfjörður • Sími 550 4050 • Fax 565 4714 • Stofnað 15. október 1929

**Bæjarráð Hafnarfjarðar,**

**Strandgötu 6-10,**

**220 Hafnarfjörður**

Fimleikafélag Hafnarfjarðar, kt. 540169-2769, Kaplakrika 220 Hafnarfirði óskar eftir samþykki Hafnarfjarðarbæjar á veðsetningu fasteigna félagsins í Kaplakrika, nánar tiltekið F2354361 (miðasöluhús), F2507664 (félagsheimili og skrifstofur), F2504405 (knatthúsið Skessan) og F2509055 (viðbygging knatthússins). Verðmæti áðurnefndra eigna og annarra mannvirkja Fimleikafélagsins í Kaplakrika er u.þ.b. tveir milljarðar.

Lántaka þessi er að upphæð kr. 620.000.000,-, lánveitandi er Landsbanki Íslands.

Andvirði láns þessa verður notað til uppgreiðslu bankalána Fimleikafélagsins, langtíma- og skammtímalána, en nýgerður eignaskiptasamningur um Kaplakrika og samkomulag Hafnarfjarðarbæjar og Fimleikafélagsins varðandi eignarhald mannvirkjanna í Kaplakrika kallar á uppgreiðslu lána. Einnig verður lánsféð notað til greiðslu viðskiptaskulda vegna framkvæmda félagsins í Kaplakrika undanfarin ár og framkvæmda ársins 2021.

Aðalstjórn félagsins hefur þegar samþykkt fyrirliggjandi lántöku.

Landsbankinn hefur metið greiðslugetu og viðskiptasögu félagsins og hefur þegar samþykkt að veita umrætt lán á bestu fáanlegu kjörum bankans.

Hafnarfirði 9. mars 2021

f.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar

Viðar Halldórsson, formaður